



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á hátíðarsamkomu
í Miklagarði á Vopnafirði
25. mars 2022**

Ágætu áheyrendur.

Fyrir hönd okkar Elizu þakka ég ykkur öllum kærlega fyrir þá gestrisni og góðvild sem við höfum notið í heimsókn okkar hér. Við munum hverfa á brott með góðar minningar í farteskinu, fús til að koma hingað á ný þegar tök eru á.

Nákvæmlega þetta sagði ég einnig í gær, á svipaðri samkomu hjá grönnum ykkar á Þórshöfn og í Langesbyggð. Mörgu svipar auðvitað saman þótt sveitarfélögin séu sitt í hvorum landsfjórðungnum. Útvegur og landbúnaður skipar veigamikinn sess í atvinnu- og mannlífi, ferðaþjónusta er tiltöluleg ný og vaxandi grein og hvers kyns grunnþjónusta er veitt.

Fyrir í dag nutum við hjónin þess að heimsækja nokkur fyrirtæki hér í bæ, fundum þá orku sem býr í fólki þegar það fær tækifæri til að finna kröftum sínum réttan farveg. Við sáum í raun það sama og Linda Pétursdóttir, sveitungi okkar á Álftanesinu, þegar hún kom heim til Vopnafjarðar eftir að hafa sigrað heiminn í fegurðarsamkeppni. „Það er allt svo stórt hér á Vopnafirði, þetta er rosabær,“ sagði hún réttilega.

Í öflugum samfélagi þurfa meginstoðir að vera tryggar, hvort sem við horfum aðeins til þessa byggðarlags eða annarra – nú eða landsins alls. Fólk þarf að hafa í sig og á, geta unnið fyrir sér og sínum. Fólk þarf að hafa þak yfir höfuðið. Fólk þarf að eiga kost á menntun, allt frá leikskólaaldri til símenntunar ef verða vill á eldri árum, til dæmis í fjarnámi. Fólk þarf að geta gengið að vísri heilbrigðisþjónustu og svo þarf afþreyingu og skemmtun, tækifæri til að sinna sál og líkama.

Á ferð okkar um bæinn í dag höfum við hjónin séð að hér eru þessar stoðir á sínum stað. Sumar má styrkja og það er eilífðarverkefni hér eins og víðar að halda þeim við. Styrk til þess má líka finna í sögunni. Við vitum að hér hefur fólk búið frá landnámi. Við vitum – ef marka má Landnámu – að þeir voru þrír landnámsmennirnir í Vopnafirði, fóstbræðurnir Eyvindur vopni og Hróaldur bjóla, og svo Lýtingur Arnbjarnarson. Vopnfirðinga sögu eigum við einnig og þar segir meðal annars frá Brodd-Helga og bardögum hans. Þar þykir mér skemmtileg sagan af brynjunni sem hann gerði sér áður en hann fór að vega Svart, mann sem kom út hingað, ramman að afli og óeirðarmann hinn mesta. Brodd-Helgi „tók upp einn hellustein mikinn og þunna“, eins og segir í sögunni, „og lét annan enda í brækur sínar en annan fyrir brjóst“.

Við Íslendingar höfum alltaf átt nóg af grjóti. Hér eins og annars staðar á landinu þurfti fólk að nýta það sem var til taks. Og hér var harðbýlt. Eftir Öskjugos og harða vetur hlutu margir íbúar héraðsins að hverfa á braut, freista gæfunnar í Vesturheimi. Hér bjó líka sitt síðasta æviár Kristján Jónsson fjallaskáld. Lífið lék hann hart á marga lund og við vitum hvernig honum leið þegar hann sveimaði einn yfir kaldan eyðisand: „Nú er horfið Norðurland, nú á ég hvergi heima.“ Í þeim þekktu kviðlingi kemur saman þrautseigja aldanna en líka bölmóður, það verður að viðurkennast.

Slík lífssýn mun ekki gagnast okkur til lengdar. Við þurfum að vera raunsæ en bjartsýn um leið. Mér þykir vænt um að koma nú hingað í opinbera heimsókn, um sex árum frá því að ég tók við embætti forseta. Í sumar verða sex ár einnig liðin frá íbúáþingi hér sem leiddi af sér verkefnið Veljum Vopnafjörð. Kjörorð þess voru skýr: Yngri Vopnafjörður! Kraftmeiri Vopnafjörður! Fjölbreyttari Vopnafjörður! Verkefninu lauk árið 2018 en andinn getur alveg lifað áfram og miðað við upplýsingar á vef Byggðastofnunar skilaði átakið ýmsum ávinningi.

Við skulum því áfram horfa björtum augum fram á veg, þrátt fyrir ýmsar áskoranir. Við breytum því ekki að Vopnafjörður er tiltölulega lítið byggðarlag og ekki í alfaraleið, nánast eins fjarri hinu fjölmenna suðvesturhorni landsins og hugsast getur. En þessir þættir þurfa ekki að vera veikleikamerki. Þeir geta allt eins verið styrkur samfélagsins á sinn hátt, aukið samheldni og gefið hverjum og einum kost á að blómstra á eigin forsendum. Ég hef lesið viðtal við ungar knattspyrnustúlkur úr þessum bæ sem hafa sett sér háleit markmið um frama á þeim vettvangi. Væntanlega fylgir þeirri sögu að þær hleypi heimdraganum en hér getur líka fengist gott tækifæri til að sýna hvað í manni býr. Hér er pláss fyrir fólk.

Og náttúruvegurðin. Hún er ykkar daginn út og inn og hún er einnig aðdráttarafli fyrir fólk sem vill sækja ykkur heim. Þá þarf einmitt að huga að samgöngum, þær þarf eflaust að efla og styrkja með ýmsu móti. Enn er vetur og þungfært um heiðar, flug jafnvel takmörkum háð. Senn kemur þó vorið og til er

fallegt kvæði sem fjallar á óbeinan hátt um vor í Vopnafirði. Höfundinn þekkti ég á sínum tíma þegar við unnum báðir á skjalasafni Alþingis, hann eldri og reyndari, drengur góður á alla lund. Valgeir Sigurðsson hét hann, fæddur í Fremri-Hlíð í Vopnafirði. Hann orti um æskuvin sinn Jónas Árnason sem síðar gerði garðinn frægan á þingi, leikritaskáld og rithöfundur í ofanálag. Já, vorið kemur við sögu í kvæðinu, en líka fegurðin á þessum stað, niður aldanna og ósk um farsæld í framtíð:

Vitja mín í draumi
vorbjartar nætur,
regnþvegið gras,
rjúpa í kjarri,
álftir á tjörn,
hreindýr á heiðum
– þegar ég minnst þín.

Mér er sem ég heyri
hlátur vinda,
kátan öldufald
kinnung strýkja,
tæran fjallalæk
falla um stalla
– þar ert þú á ferð.

Ómar þér í rómi
Íslands saga,
líf vort og land,
lands vors líf.
Værar þér verði
veturnóttakýrrur
– skíni þér Skjaldhamra sól.

Kæru gestgjafar, ágætu Vopnfirðingar. Megi ykkur ganga allt að sólu, eins og Vigdís Finnbogadóttir segir alltaf svo fallega. Við Eliza þökkum ykkur aftur fyrir þann hlýhug sem við höfum notið hér og hlökkum til frekari ferða hingað þegar færi gefst.